

# AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS VOGA 2007-2027

## FUNDARGERÐIR

### Verkefni skipulagsteymis:

Að vinna að endurskoðun á aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Voga.

### Meðlimir í skipulagsteymi:

Gunnar Helgason, formaður skipulags- og byggingarnefndar.

Inga Sigrún Atladóttir, oddviti minnihluta.

Kjartan Sævarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri.

Þorvaldur Örn Árnason, formaður umhverfisnefndar.

### Aðalskipulagsráðgjafar:

Ómar Ívarsson, skipulagsfræðingur SFFÍ, frá Landslagi ehf.

Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt FÍLA, frá Landslagi ehf.

---

## Fundargerð 1.

### Fundartími:

Þriðjudagur 21. nóvember 2006, kl. 16:00.

### Fundarstaður:

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### Mættir:

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur og Ómar.

### Fundarritari:

Ómar Ívarsson.

### Þetta gerðist helst:

- Ómar kynnti stöðu aðalskipulagsvinnu sem legið hefur niðri frá kosningum s.l. vor. Ástæða þess var ósk nýs meirihluta sem vildi gefa sér meiri tíma til að kynna sér stöðu mála.
- Ómar fór yfir breytta tímaáætlun en þörf var á að breyta henni eftir það hlé sem orðið hefur á skipulagsvinnunni.
- Gunnar velti fyrir sér lengd skipulagstímabilsins sem er í vinnuferlinu 2006-2026. Ástæðan fyrir svo löngu tímabili var sú að mikil uppbygging hefur verið í sveitarfélaginu og því talið æskilegt að horfa til langs tíma. Mögulegt er að stytta þetta tímabil sem getur þó ekki orðið styttra en 12 ár skv. skipulags- og byggingarlögum.
- Róbert lagði til að klára í fyrstu málefni þéttbýlis sem eru langt á veg komin. Þorvaldur vill horfa á allt sveitarfélagið á sama tíma. Stór mál í dreifbýli þarf að kljást við, s.s. Eyktarlandið, álverssvæðið,

verndunarmál ýmiskonar, óskir landeiganda um að skilgreina íbúðarsvæði o.s.frv.

- Þorvaldur velti upp hvernig sjálfbær þróun og Staðardagskrá 21 kæmu inni í aðalskipulagsvinnuna og hvort þörf væri að vinna að slíkum málum áður en vinna við aðalskipulag heldur áfram. Mjög mismunandi er hvernig sjálfbær þróun er tekin fyrir í aðalskipulagi en alltaf þarf að taka á slíkum málum í greinargerð aðalskipulags. Umhverfisstefna sveitarfélagsins er í vinnslu en sú vinna kemur til með að nýtast mikið í þennan hluta aðalskipulagsvinnunar.
- Þorvaldur velti einnig upp hvort þörf væri á frekari verndun innan sveitarfélagsins og jafnvel innan fleiri sveitarfélaga á Reykjanesi með samfelldu svæði.
- Ómar ætlar fyrir næsta fund að vinna í sveitarfélagsuppdætti, m.a. að setja inn þau svæði sem eru vernduð og á náttúruminjaskrá. Ómar ætlar einnig fyrir næsta fund að setja upp tillögu um hvernig teymið kemur til með að haga vinnu sinni í framhaldinu, m.a. hvað mál eru á dagskrá á næsta fundi.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 13. desember, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:05.

---

## Fundargerð 2.

### Fundartími:

Miðvikudagur 13. desember 2006, kl. 16:00.

### Fundarstaður:

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### Mættir:

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### Fundarritari:

Ómar Ívarsson.

### Þetta gerðist helst:

- Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málefni fundarins er þéttbýlið í Vogum og farið verður í gegnum alla landnotkunarflokka fyrir þéttbýlið
- Íbúðarsvæði
  - Ákveðið að setja inn fyrri hugmynd að hafa *íbúðarsvæði* við höfnina, norðan Hafnargötu. Gert er ráð fyrir dælustöð fráveitu á svæðinu sem útfærsla á henni og íbúðarbyggð er vísað til deiliskipulags.
  - Grænuborgarsvæðið verður inni í aðalskipulagi eins og það er í gildandi aðalskipulagi nema íbúðarbyggð verður ekki á tanganum þar sem Grænaborg var. Svæðið verður skilgreint

sem *opið svæði til sérstakra nota* eins og standsvæðin umhverfis.

- Áfram verður skilgreint *íbúðarsvæði* á milli Vatnsleysustrandarveggar og iðnaðarsvæðis við Heiðarholt. Miða skal við sömu afmörkun og er í gildandi aðalskipulagi en þó skal gera einn samfelldan *íbúðarfleka* fyrir svæðið.
- Kirkjureit þarf að skoða frekar og ræða í sóknarnefnd. Ekki virðist vera vilji fyrir að hafa *íbúðarbyggð* á reitnum en skoða þarf nánar hvort hann skuli skilgreina sem *þjónustusvæði* eins og er í gildandi aðalskipulagi eða hvort reiturinn verður skilgreindur sem *opið svæði til sérstakra nota*.
- Fyrirhugað *íbúðarsvæði* austan Voga. Ómar og Þráinn kynntu fyrstu tillögu að rammaskipulagi fyrir svæðið sem gerir ráð fyrir einbýlis-, rað- og jafnvel fjölbýlishúsum. Gert er ráð fyrir aðkomu frá lóndal og að jafnvel verði um að ræða hringtenginu við Stapaveg sunnan þéttbýlis. Gert er ráð fyrir að safngata verði utarlega í byggðinni svo aðgengi íbúða að núverandi byggð verði án þess að fara yfir safngötu. Gunnar og Róbert vildu gjarnan sjá safngötuna innan byggðarinnar en þetta mál fer í umfjöllun og íhugun hjá nefndarmönnum. Þó er ákveðið að svæðið verði skilgreint sem *íbúðarsvæði* í aðalskipulagi.
- Þjónustusvæði
  - Gert er ráð fyrir nýjum leikskóla í rammaskipulagi fyrir austursvæði og verður það svæði merkt með landnotkuninni *svæði fyrir þjónustustofnanir*. Það á einnig við um fyrirhugaða dælustöð fráveitu norðan Hafnargötu.
- Athafnasvæði
  - Gera skal ráð fyrir *athafnasvæði* norðan Vogabrautar, við Reykjanesbraut en ekki sunnan Vogabrautar að svo stöddu. Þá er mögulegt að hafa *athafnasvæði* við mismögulegt gatnamót við Keililnes en það mál verður rætt frekar á næsta fundi. Svæði við lóndal verður skilgreint sem *athafnasvæði* en ekki er gert ráð fyrir að það stækki umfram það sem nú er.
  - Svæði sunnan voga þar sem fiskeldi er starfrækt verður áfram skilgreint sem *athafnasvæði*.
  - Gert er ráð fyrir að gámasvæði flytjist á iðnaðarsvæði við Heiðarholt á skipulagstímabilinu.
- Iðnaðarsvæði
  - Gert er ráð fyrir að megin *iðnaðarsvæði* verði áfram við Heiðarholt. Hugsanlegt er að skilgreina svæðið sem blönduð landnotkun, *iðnaðarsvæði* og *athafnasvæði*.
- Opin svæði til sérstakra nota
  - Almenn sátt um að hesthúsasvæði þróist til austurs og gera skal ráð fyrir 10-15 hesthúsum á svæðinu. Þar þarf einnig að vera hringvöllur og önnur aðstaða sem slík svæði þurfa að búa yfir. Landslag ætlar að prufa að setja upp tillögu að slíku svæði.
  - Gera skal ráð fyrir að *opið svæði til sérstakra nota* við strönd og Síkistjörn stækki að hesthúsasvæði og nái jafnvel til svæðis milli núverandi byggðar og fyrirhugaðar byggðar austan Voga. Óljóst er hvar reiðleið til norðurs muni liggja.

- Samgöngur
  - Hvernig verður tenging og umferðarmálum háttað frá Stapavegi og að mislægum gatnamótum við Grindarvíkurafleggjara. Þetta mál þarf að skoða og fara yfir með Vegagerðinni.
- Veitur
  - Gert er ráð fyrir að vatnsból verði flutt á svæði sunnan Voga á árinu 2007. Skilgreina þarf *brunnsvæði*, *grannsvæði* og *fjarsvæði* vatnsbólsins. Líklega er ekki um framtíðarsvæði að ræða. Ef gert er ráð fyrir öðrum framtíðarsvæði á skipulagstímabilinu þarf að skilgreina það svæði á sama hátt. Þetta mál þarf að taka upp við HS.
- Landslag mun taka að sér samráð sem þarf að hafa við lögboðna umsagnaraðila í aðalskipulagsvinnunni.
- Skoða skal hvort þéttbýlisuppráttur geri náð að sveitarfélagsmörkum að Reykjanesbæ.
- Á næsta fundi verður farið yfir verndarsvæði í dreifbýli og landnotkun í dreifbýli ef tími vinnst til þess. Ómar mun senda út dagskrá fyrir fundinn.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 17. janúar, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:15.

---

### **Fundargerð 3.**

#### **Fundartími:**

Miðvikudagur 17. janúar 2007, kl. 16:00.

#### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

#### **Mættir:**

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

#### **Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

#### **Þetta gerðist helst:**

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málefni fundarins er vernd í dreifbýli í Vogum og farið verður í gegnum alla verndunarflokkar fyrir dreifbýlið.

- Náttúruverndarsvæði

Ómar fór yfir þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá en það eru 5 svæði. 4 þeirra eru til hnitsett af UST en 1 ekki. Skoða þarf afmörkun þess svæðis sem ekki ert til hnitsett en það eru *Hvassahraunsgígar*.

Þá þarf að skoða betur hvort hnitsett afmörkun UST fyrir hin svæðin 4 sé bindandi.

Skv. Fornleifaskrá er friðlýsing *Staðarborgar* ógild. Kanna þarf hjá Fornleifavernd ríkisins hvernig rétt sé að fara með þetta mál.

- Þjóðminjaverndarsvæði

Ómar fór yfir skilgreiningu fyrir þjóðminjaverndarsvæði og hvernig svæðisskráning fornminja sem gerð hefur verið gæti komið inn í slíkan flokk. Svæðisskráningin náði yfir um 1300 en í svæðisskráningu eru minjar ekki staðsettar. Þorvaldi finnst áhugavert að láta fara í aðalskráningu á þessum minjum og þar með hnitsetja þar en slík vinna kostar líklega á bilinu 8-10 milljónir telur hann. Þráinn segir að sumstaðar hafi verið unnin listi út úr svæðisskráningu þar sem mikilvægustu svæðin eru staðsett og sett undir þjóðminjavernd.

- Hverfisvernd

Þorvaldur kemur með þá tillögu að allt svæði sjávarmegin Vatnleysustrandarvegur verði verndað vegna búsetulandslags og á þessu svæði verði t.d. ekki heimilt að hafa íbúðarbyggð að ráði umfram það sem þegar er. Landslagsmenn kynna hverfisvernd fyrir fundarmönnum og hvernig sveitarfélagið getur notað slíka vernd með því að setja sína eigin skilmála á svæði. Hægt er að setja hverfisvernd á svæði á náttúruminjaskrá og ýta þannig á að svæði verði friðlýst en einnig á óvernduð svæði sem mönnum finnst æskilegt að setja einhverskonar vernd á. Hægt væri t.d. að setja hverfisvernd á svæði sjávarmegin við Vatnleysustrandarveg með þeim skilmálum sem Þorvaldur nefndi (m.a. að ekki verði þéttbýli á svæðinu).

- Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum

Ómar kynnti hvernig skilgreina skuli vatnsverndarsvæði í aðalskipulag og skipta þeim í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Notast hefur verið við skilgreiningu vatnsverndarsvæða eins og hún er í svæðisskipulagi en þar er ekki um alveg sömu flokkun að ræða. Færa þarf þessa flokkun sem er í svæðisskipulaginu yfir í þá flokkun sem notast skal við í aðalskipulagi. Mjög vel unnið með þennan flokk í svæðisskipulagi og ekki ástæða til annars en að nota þá vinnu sem þar hefur farið fram.

Umræða er um hvar vatnsból verður til framtíðar en slíkt þarf að liggja fyrir í aðalskipulagi. Landslag setur sig í samband við Hitaveitur Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja til að fara yfir þessi mál.

- Gera skal ráð fyrir að undirliggjandi litur í dreifbýli verði opin svæði óbyggð.

- Kanna hvort þurfi að sýna varnargarða á uppdrætti.

- Á næsta fundi verður farið yfir landnotkun í dreifbýli. Ómar mun senda út dagskrá fyrir fundinn.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 14. febrúar, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:00.

---

## Fundargerð 4.

### Fundartími:

Miðvikudagur 14. febrúar 2007, kl. 16:30.

### Fundarstaður:

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### Mættir:

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### Fundarritari:

Ómar Ívarsson.

### Þetta gerðist helst:

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málafni fundarins er landnotkun í dreifbýli í Vogum og farið verður í gegnum alla landnotkunarflokka fyrir dreifbýlið.

- Íbúðarsvæði / þéttbýli
  - Hvassahraun, Svæði í eigu Eyktar. Ferill þessa máls er í ákveðnum farvegi í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Þar er verið að velta því upp hvaða forsendur eru fyrir því að hafa byggð á þessum stað. Velt er upp þeim möguleika að hafa óbreytta landnotkun á svæðinu, þ.e. óbyggt svæði en einnig hvort rétt sé að fresta skipulagi á umræddu svæði. Með því að fresta skipulagi er í raun verið að segja að eitthvað sé fyrirhugað á svæðinu og þarf að rökstyðja það að verið sé að fresta skipulagi. Almennt virðast fundarmenn telja að réttast sé að sýna óbreytta landnotkun á svæðinu þar sem forsendur eru ekki fyrir hendi að gera annað. Ef forsendur breytast og mögulegt er að byggja þéttbýli á svæðinu eins og Eykt er með hugmyndir um er það hugsanlega eftir skipulagstímabil aðalskipulags en ef ekki þarf slíkt mál að fara í viðamikla kynningu og þá breytingu á aðalskipulagi ef ákvörðun verður um að byggja á svæðinu. Þess má geta að 500 m belti frá strönd á Eyktarlandinu er á náttúruminjaskrá
  - Aðilar frá Þórustöðum hafa óskað eftir því að senda inn erindi um mögulega byggð á jörðinni, í nánd við golfvöllinn. Formlegt

erindi hefur ekki borist og því er ekki hægt að taka afstöðu til málsins. Það sama á við um önnur svæði þar sem heyrst hefur af áhuga manna fyrir íbúðarbyggð, þar sem slíkar óskir hafa ekki borist formlega er ekki hægt að taka afstöðu til þeirra.

- Brunnastaðahverfi er skilgreint sem þéttbýli í nágildandi aðalskipulagi en ekki er til þéttbýlisuppráttur af svæðinu. Þéttbýli telst svæði þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m. Líklega nær Brunnastaðahverfið ekki þessari skilgreiningu.
  - Þorvaldur kynnti greinargerð sem hann hefur unnið varðandi framtíðarlandnýtingu í sveitarfélaginu og leggur hann m.a. til að 200-250 m belti meðfram allri strönd í dreifbýli verði sett undir hverfisvernd sem búsetulandslag og með því að koma í veg fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar þar. Skv. Skipulagsreglugerð er ekki gert ráð fyrir að byggt sé nær strönd en 50 m. Í raun er verið að breikka þetta svæði í 200-250 m. Almennt er vel tekið í þessar hugmyndir á fundinum en upp kemur sú hugmynd að fastsetja ekki fjarlægðarmörk (200-250 m) heldur afmarka búsetulandslagið á loftmynd sem til er af allri ströndinni. Þetta er samþykkt og munu Landslagsmenn koma útprentuðum loftmyndum í kvarða 1:10.000 af allri ströndinni á skrifstofuna í vikunni. Aðilar aðalskipulagsteymis munu svo skoða þessa afmörkun fyrir næsta fund. Þá munu fundarmenn fara yfir tillögur Þorvaldar fyrir næsta fund og þar mun frekari umræða fara fram um tillögurnar.
- Iðnaðarsvæði
    - Taka skal burt skilgreint iðnaðarsvæði milli Kúagerðis og Fögruvíkur þar sem iðnaðarstarfsemi hefur ekki verið á svæðinu í mjög langan tíma.
    - Laxeldi er við Stóru-Vatnsleysu og verður svæðið áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði. Þó er lagt til að lagfæra afmörkun svæðisins þar sem í henni er skekkja og takmarka hana við laxeldisstöð út frá loftmynd.
    - Svínabú er á Minni-Vatnsleysu og verður svæðið áfram skilgreint sem iðnaðarsvæði. Sama afmörkun skal vera á svæðinu og er í á gildandi aðalskipulagi.
    - Þrjú hringtákn eru skilgreind sem iðnaðarsvæði í grend við Brunnastaðahverfi. Um er að ræða eggjabúið Nesbú sem er með starfsemi sína í þremur húsum á svæðinu og eru þau skilgreind sem iðnaðarsvæði. Vegna mælikvarða og að húsin eru í fjarlægð hvert frá öðru eru hringtákn notuð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á þessari landnotkun.
    - Umræða er um iðnaðarlóð ríkisins á Keilisnesi þar sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir álversstarfssemi. Fara þarf í viðræður við ríkið um skilgreiningu svæðisins í aðalskipulagi. Mögulegt er að minnka svæðið þannig að iðnaðarsvæði verði eingöngu norðan Vatnsleysustrandarveggar og mögulega athafnasvæði sunnan vegarins. Róbert mun hefja viðræður við hið opinbera um málið.

- Hitaveita Suðurnesja er að láta bora tilraunaholur við Grænudyngju en líklega eru þessar holur utan marka sveitarfélagsins, þó ekki alveg ljóst. Landslag um fá holurnar hnitsettar frá Jarðborunum til að ljóst sé hvort eitthvað sé innan sveitarfélagsins. Róbert mun hefja viðræður við HS um svæðið og hvort HS hefur óskir um skilgreiningu einhvers svæðis sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Þessu tengist lagning háspennulína sem Landsnet er með hugmyndir um vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík en von er á erindi frá Landsneti til sveitarfélagsins vegna málsins. Þegar slíkt erindi hefur borist verður afstaða tekin til málsins.
- Efnistaka
  - Efnistaka er á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Efni hefur verið tekið við Eldborg og Rauðhóla til vegagerðar. Þá var gerð breyting á gildandi aðalskipulagi vegna efnistöku í jaðri Afstapahrauns. Stærð efnistökusvæðis um umgengni hefur þó ekki verið eins og til stóð. Ekki gafst tími til að botna þessi mál á fundi og verður málið tekið upp aftur á næsta fundi.
- Þorvaldur leggur áherslu á að vatnsverndarsvæðum skv. svæðisskipulagi verði haldið inni og þau verði óbyggð. Þegar er gert ráð fyrir því en þó getur grannsvæði breyst með nýrri staðsetningu vatnsból. Róbert telur að vatnsbólið verði staðsett við fiskeldisstöð sunnan Voga út þetta skipulagstímabil. Róbert fer í áframhaldandi viðræður við HS um nýtt vatnsból.
- Þorvaldur óskar eftir því að sjá frekari stefnumörkun aðalskipulags í texta en stefnumörkunin er að verða til á þessum s.l. fundum. Þegar lokið hefur verið yfirferð um málefni í dreifbýli hugsa Landslagmenn að næsti fundur þar á eftir fari í að fara yfir sviðið því nokkur málefni fóru í salt og umhugsun. Á þeim fundi er gert ráð fyrir að stefnumörkun aðalskipulag og í hverjum málaflokki skýrist frekar. Landslagmenn þurfa þá að krafti að setjast við skriftir.

Þar sem ekki náðist að klára dagskrá fundarins á tilsettum tíma er ákveðið að hafa næsta fund að tveimur vikum liðnum og þar skal klárað að fara yfir landnotkun í dreifbýli sem eftir stóð á þessum fundi.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 28. febrúar, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:30.

---

## Fundargerð 5.

### Fundartími:

Miðvikudagur 28. febrúar 2007, kl. 16:00.

### Fundarstaður:

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### Mættir:

Inga, Kjartan, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### Fjarverandi:

Gunnar og Róbert

### Fundarritari:

Ómar Ívarsson.

### Þetta gerðist helst:

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málafni fundarins er landnotkun í dreifbýli í Vogum og farið verður í gegnum þá landnotkunarflokka fyrir dreifbýlið sem eftir stóðu á s.l. fundi.

- Efnistaka  
Efnistaka er á þremur stöðum í sveitarfélaginu, við Eldborg, Rauðhóla og Afstapahraun. Talið er að efnistaka sé ekki á þessum stöðum í dag. Landslag mun setja sig í samband við Vegagerðina (Hilmar Finnsson eða Jóhann Bergmann) og kanna hvort Vegagerðin sé með efnistöku í sveitarfélaginu í dag eða með áforum um efnistöku.
- Frístundabyggð  
Svæði fyrir frístundabyggð eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu; Hvassahraun og Breiðagerði. Til er deiliskipulag fyrir Hvassahraun og ákveðið er að draga afmörkun svæðisins við útmörk lóða í deiliskipulagi. Með því verður ekki sýnt frístundabyggð niður að strönd eins og nú er. Breiðagerði er fullbyggt svæði en ekki er til deiliskipulag fyrir það. Lagfæra þarf afmörkun svæðisins í aðalskipulagi og sést afmörkun svæðisins á loftmynd.
- Opin svæði til sérstakra nota
  - Kálfatjörn  
Golfvöllurinn við Kálfatjörn er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota ásamt þeirri stækkun sem gert var ráð fyrir s.l. sumar, þ.e. stækkun vallarins úr 9 í 18 brautir. Gert var ráð fyrir að sú stækkun væri til austurs frá núverandi velli. Nú eru uppi önnur áform um stækkun vallarins og er gert ráð fyrir að sú stækkun verði sunnan Vatnsleysustrandarveggar. Almenn virðist sátt um þessa breytingu og því skal breyta afmörkun á opnu svæði til sérstakra nota og miða hana við núverandi áform um stækkun. Það svæði sem áður var áformað fyrir stækkun verður þess í stað skilgreint

sem opið svæði óbyggt eins og önnur svæði umhverfis golfvallarsvæðið.

- Standsvæði við þéttbýli

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota meðfram strönd við þéttbýli og í næsta nágrenni þess. Þessi svæði eru sýnd á þéttbýlisupprætti en ákveðið er að þessi svæði nái að Brunnastaðahverfi. Landslagsmenn munu koma með tillögu um afmörkun meðfram strönd að Brunnastaðahverfi. Annarsstaðar er ströndin skilgreind sem opin svæði óbyggð og auk þess er gert ráð fyrir hverfisvernd (sjá fundargerð 17.01.2007). Afmörkun þessara svæða verður tekin fyrir á næsta fundi.

- Ræktuð svæði

Líklega er rétt að afmarka opið svæði til sérstakra nota það sem verið að rækta upp svæði norðan Voga. Landslagsmenn munu koma með tillögu um afmörkun þessa svæðis, í samráði við heimamenn.

- Óbyggð svæði

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að svæði sem ekki fá aðra skilgreiningu verði skilgreind með landnotkuninni óbyggð svæði. Víða eru þessi svæði skilgreind í aðalskipulagi sem landbúnaðarsvæði en ekki þykir rétt að svo sé í Sveitarfélaginu Vogum enda ekki mikið um ræktað land. Þó eru beitarhólf á svæðum norðan Voga sem athuga þarf hvort ekki sé rétt að skilgreina sem landbúnaðarsvæði. Hugsanlega eru fleiri svæði sem munu einnig flokkast sem landbúnaðarsvæði af sömu ástæðum. Landslagsmenn munu setja sig í samband við Landgræðslu ríkisins til að fá upplýsingar um girðingar og mörk svæða. Þá þarf að kanna hvort til er jarðanefnd og ef svo er að fá upplýsingar um landbúnaðarsvæði.

- Samgöngur

Reykjanesbraut flokkast sem stofnbraut og Vatnsleysustrandarvegur og Vogabraut sem tengivegir. Aðrir vegir flokkast líklega sem aðrir vegir og eru einungis sýndir í aðalskipulagi til skýringar. Umræða er um göngu- og hjólastíga og reiðstíga. Ekki er algert samræmi milli korta frá Vegagerðinni og gönguleiðakorts frá Loftmyndum en fara þarf yfir þessar gönguleiðir og koma með tillögu sem fer svo til umsagnar Vegagerðarinnar. Leggja skal áherslu á að reiðstígar og göngustígar / hjólastígar liggi ekki saman. Atvinnuálanefnd hefur komið með þá tillögu að akfært verði um gamla veginn á Stapanum yfir til Reykjanesbæjar en Landslagsmenn leggja frekar til að sá vegur verði notaður til upplifunar án vélarafis, þ.e. göngu- og hjólastígur sem fer svo í gegnum þéttbýlið og áfram austur ströndina. Setja þarf upp tillögu að stíganeti um sveitafélagið og einnig að samræma það milli sveitarfélaga. Koma þarf einnig með tillögu um hvernig hjólastígur

og reiðstígur fara um eða hjá þéttbýlinu. Landslagsmenn afla stafrænna gagna af þeim stígum sem til eru á kortum og koma með tillögu um stíganet um sveitarfélagið. Landslagsmenn verða sér úti um bókina Örnefni og gönguleiðir í Vatnleysustrandarhreppi, sem til stendur að endurútgefa á þessu ári.

- **Veitur**  
Vatnsveita er aðeins í þéttbýlinu í Vogum en hitaveita nær einnig til Brunnastaðahverfis. Kjartan mun senda Landslagi á stafrænu formi legu hitaveitulagnar. Hvert býli er með brunn á ströndinni og ekki eru áform að breyting verði þar á. Ekki er grundvöllur fyrir að koma hitaveitu með ströndinni þar sem notkun er ekki hæg til að halda vatni nægilega heitu í lögn. Háspennulínur liggja um sveitarfélagið en ekki hefur verið tekin afstaða til erindis Landsnets um legu raflínu í gegnum sveitarfélagið vegna hugsanlegs álvers í Helguvík (hefur þetta erindi borist, það var von á s.l. fundi).  
Merkja þarf inn á uppdrátt fjarskiptamannvirki sem staðsett er í hrauninu norðan Reykjanesbrautar, austarlega í sveitarfélaginu (hefur einhver upplýsingar um þetta eða veit hvar er hægt að afla þeirra).  
Fráveitumál náðist ekki að ræða á fundi. Til er áætlun (eða voru það drög) fyrir þéttbýlið (er dreifbýlið tekið fyrir í þeirri áætlun?).
- Umræða um sveitarfélagsmörk við Grindavík en talið rétt að miða við mörk sem komu frá Landmælingum Íslands í stað þeirra marka sem Grindavík notast við í sínu aðalskipulagi.
- Landslagsmenn munu senda loftmyndir af ströndinni þar sem inni verða 2 m hæðarlínur ásamt örnefnum og mannvirkjum, en von er á örnefnum og mannvirkjum á stafrænu formi frá Landmælingum Íslands.
- Kjartan mun senda afmörkun á lóð fiskeldisstöðvar sunnan Voga og miða skal afmörkun athafnasvæði við þau lóðarmörk. Lóðin er um 10 ha.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 14. mars, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:10.

---

## **Fundargerð 6.**

### **Fundartími:**

Miðvikudagur 21. mars 2007, kl. 16:00.

### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

**Mættir:**

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

**Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

**Þetta gerðist helst:**

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málafni fundarins er að fara yfir þau mál sem eftir stóðu á s.l. 5 fundum og reyna að botna þau flest.

- Loftmyndir sem Landslagsmenn sendu fyrir um 3 vikum af allri ströndinni hafa ekki skilað sér. Á myndunum átti að afmarka búsetulandslags meðfram strönd sem til stendur að setja á hverfisvernd. Landslagsmenn munu prenta myndir út aftur og koma með tillögu að afmörkun á næsta fund. Skilmála fyrir svæðið þarf einnig að skoða en kafla 7 í svæðisskráningu fornminja má hafa til hliðsjónar.
- Ákveðið er að hafa óbreytta landnotkun frá gildandi aðalskipulagi á kirkjureit, þ.e. svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Mikil umræða er um fyrirhugað íbúðarsvæði austan þéttbýlis og hvort afmörkun íbúðarsvæðis skuli vera skv. eignarhaldi á landi, þ.e. sýna aðeins íbúðarbyggð á landi sveitarfélagsins eða hvort sýna skuli byggð á stærra svæði, að hæðarskilum í hrauninu. Eftir snarpar umræður um kosti og galla beggja kosta er ákveðið að sýna aðeins íbúðarbyggð á eignarlandi sveitarfélagsins en að afmörkun skuli vera ekki vera með eins skörpum skilum og eignarhaldið er. Sýna þarf þjónustureit á svæðinu vegna fyrirhugaðs leikaskóla en upp kom sú hugmynd að sýna allt svæðið sem blandaða landnotkun. Landslagsmenn munu koma með tillögu um þetta á næsta fund. Þá var einnig umræða um opið svæði milli núverandi byggðar og fyrirhugaðrar byggðar og hvort þar ætti frekar að koma tengibraut með umferðartengingum inn í núverandi byggð. Meirihluti vill frekar hafa opið svæði þarna á milli og veður lagt upp með það í aðalskipulagsvinnu.
- Umræða er um að setja eina botnlagagötu sunnan Hvammsdals og bent á að þetta gæti skapað óvild hjá íbúum Hvammsdals sem eru á jarði byggðar. Ákveðið er að setja íbúðarbyggð á svæðið en gatan mun þó ekki vera lengri en Hvammsdalur og heldur styttri ef eitthvað er. Ástæðan er að slíta ekki í sundur opið svæði sem mun ganga frá Síkistjörn og á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar austan þéttbýlis. Í deiliskipulagi fyrir Hvammdal er gert ráð fyrir göngustíg sunnan byggðar en ákveðið er að sá stígur sé betur kominn sunnan við fyrirhugaða götu og í opnu svæði sem áður er getið um.
- Landslagsmenn lýsa skoðun sinni á að lóð sem úthlutað hefur verið í löndal 12 sé óheppileg athafnalóð þar sem gert er ráð fyrir

Íbúðarbyggð, leikskóla og opnu svæði austur af lóðinni. Lóð á þessum stað gæti sett þessari byggð skorður en núverandi spennistöð (löndalur 10A) er ágætis lokun á löndal sunnanmegin. Landslagsmenn koma með þá tillögu að reynt verði að semja við lóðarhafa löndals 12 að hann fái þess í stað löndal 11, ef sveitarfélaginu tekt að semja um kaup á þeirri lóð. Róbert og Kjartan kanna hvort flötur er á þessu.

- Gert er ráð fyrir að allt að 10 hesthús geti byggst á núverandi hesthúsasvæði þar sem komin eru 5 hús. Aðilar hestamanna hafa litið til svæðis við rétt norðan Voga sem framtíðarsvæði hestamanna og að þar verði byggð upp góð aðstaða. Beðið er eftir útspili frá hestamönnum varðandi þetta mál.
- Tillaga er að reiðleið frá Stapanum og norður fyrir þéttbýlið. Gert er ráð fyrir að þessi leið verði í hæðarskilum í landi sunnan Voga, við mörk þess svæðis sem mögulegt er að íbúðarbyggð verði til framtíðar. Þá er gert ráð fyrir að reiðleið þveri Vogabraut á móts við mörk sem eru á milli iðnaðarsvæðis og fyrirhugaðs athafnasvæðis norðan Vogabrautar. Þaðan mun reiðleiðin svo liggja til norðurs og koma inn á reiðleið sem byrjar þar sem gamli Vatnleysustrandarvegurinn byrjar. Kanna þarf á loftmynd hvort hægt sé að greina gamla Presthólavegin. Skoðar þarf tengingu reiðleiðarinnar við 3 beitarhólf þegar upplýsingar um hólfín hafa borist frá Landgræðslunni.
- Skoðuð er tillaga að göngu- og hjólreiðastígum á Vogastapa og að þéttbýli. Ákveðið að sýna göngu- og hjólreiðastíg á gamla akveginum en að gamla leiðin nær ströndinni verði frekar útivistarleið.
- Skilgreina þarf grannsvæði vatnsveitu, þ.e. grannsvæði í kring um vatnsból við fiskeldisstöð sunnan þéttbýlis. Þá þarf að endurskoða afmörkun fjarsvæðis V2 sem skilgreint er norðan Reykjanesbrautar. Nýtt vatnsból kallar á nýjar afmörkun og líklega er sú afmörkun sunnan Reykjanesbrautar. Kjartan á fund með fulltrúum Hitaveitu Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í næstu viku. Ómar verður boðaður á þann fund þar sem farið verður yfir þessi mál.
- Skilgreina þarf umhverfi þeirra tjarna sem eru á náttúruminjaskrá og funda um þá afmörkun með UST. Þá þarf að afmarka svæði umhverfis Hvassahraungíga sem eru á náttúruminjaskrá (um 10 keilur).
- Reka þarf á eftir Landgræðslunni með að senda afmörkun beitarhólfa í sveitarfélaginu.
- Skv. upplýsingum Fornleifaverndar ríkisins er lágmarkskrafa í aðalskipulagi að fram fari aðalskráning fyrir fyrirhugaða byggð í þéttbýli og þau svæði í dreifbýli þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Landslag mun fá tilboð frá Fornleifastofnun Íslands í aðalskráningu fyrir þéttbýlið.

- Kanna þarf hvort skráning fornminja hafi farið fram á skilgreindu iðnaðarsvæði á Keillisnesi.
- Stefnt er á að hafa íbúafund í vor, vinnudagsetning er laugardagurinn 19. maí.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 28. mars, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:00.

---

## **Fundargerð 7.**

### **Fundartími:**

Miðvikudagur 28. mars 2007, kl. 16:00.

### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### **Mættir:**

Gunnar, Kjartan, Þorvaldur og Ómar.

### **Fjarverandi:**

Inga, Róbert og Þráinn

### **Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

### **Þetta gerðist helst:**

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málafni fundarins er að fara yfir stefnumörkun fyrir alla landnotkunarflokka aðalskipulagsins.

- Umræða var um meginmarkmið sem Ómar kom með tillögu að fyrir landnotkunarflokka. Smávægilegar breytingar voru gerðar á þeim sem ekki verða taldar upp hér en verða rauðmerktar þegar skjalið verður sent aftur á hópinn.
- Ómar kynnti tillögu að afmörkun hverfisverndar búsetuminja á Vatnsleysuströnd sem sett hafði verið inn á loftmynd í mkv. 1:10.000. Þorvaldur og aðrir fundarmenn munu fara yfir þessa afmörkun og koma með breytingartillögur. Á sömu loftmynd voru merktar tjarnirnar á ströndinni sem eru á náttúruminjaskrá og mun teymið einnig fara yfir þær afmarkanir. Að lokum ætlar Þorvaldur að merkja inn Hvassahraungíga svo hægt verði að staðsetja þá á aðalskipulagsupprætti.

- Ómar mun hafa samband við Guðjón hjá SSS til að fá upplýsingar um jarðanefnd og bújarðir.
- Kjartan sendir Ómari skýrslu um fráveitumál.
- Fyrir næsta fund mun Ómar reyna að koma með drög að greinargerð sem unnin er út frá þeim meginmarkmiðum sem ákveðin voru á fundi.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 18. apríl, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 19:00.

---

## **Fundargerð 8.**

### **Fundartími:**

Miðvikudagur 25. apríl 2007, kl. 16:00.

### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### **Mættir:**

Gunnar, Inga, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### **Fjarverandi:**

Kjartan

### **Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

### **Þetta gerðist helst:**

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund.

Málefni fundarins er að fara yfir stefnumörkun drög að greinargerð aðalskipulagsins ásamt nokkrum stórum málum sem komið hafa upp undanfarið.

- Umræða um iðnaðarsvæði á Keilisnesi í kjölfar umfjöllun fjölmiðla um hvort svæðið sé heppilegt fyrir Alcan eftir kosningar í Hafnarfirði. Skilgreint svæði í gildandi skipulagi er um 740 ha. Þegar hefur verið rætt við ríkið um svæðið en Róbert mun taka upp þá umræðu þannig að hægt verið að koma með stefnumörku í málinu fyrir íbúafund í maí. Ef gera á áfram ráð fyrir iðnaðarsvæði er æskilegt að takmarka svæðið við mögulega álverslóð í stað þess að sýna 740 ha svæði með iðnaðarlandnotkun.

- Hitaveita Suðurnesja og verkfræðistofan VSÓ hafa haft samband við aðalskipulagsráðgjafa vegna fyrirhugaðra rannsóknarborhola við Eldborg og á því svæði. Ein hola er þegar innan sveitarfélags en gert er ráð fyrir tveimur til viðbótar. Fara þarf í viðræður við þessa aðila svo hægt verði að kynna málið á íbúadundi í maí. Fyrirhugað er að funda með HS og VSÓ 3. maí til að fara yfir málið.
- Ekkert erindi hefur borist frá Landsneti um fyrirhuguð línustæði innan sveitarfélagsins. Fundurinn bókar samt að í aðalskipulagi skal ekki gera ráð fyrir nýjum háspennulínum í sveitarfélaginu, heldur að nýir háspennustrengir fari í jörð eða sjó. Sjónræn áhrif háspennulínu á um 30 m háum möstrum eru veruleg og óæskileg.
- Í drögum að aðalskipulagi Reykjanesbæjar er gert ráð fyrir hraðlest milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Röber mun setja sig í samband við bæjarstjóra Reykjanesbæjar og kynna sér málið.
- Haft var samband við aðalskipulagsráðgjafa vegna áforma landeiganda í Þorustöðum um íbúðarbyggð á jörðinni. Ekkert erindi hefur borist frá landeiganda vegna málsins. Stefnan í aðalskipulagsvinnu að gera ekki ráð fyrir íbúðarsvæðum utan þéttbýlis í Vogum og í Brunnastaðahverfi.
- Mögulegt er að hluti námu við Afstapahraun verði skilgreind sem náma í aðalskipulagi. Landslag setur sig í samband við eiganda vegna málsins og kannar áform hans vegna námuvinnslu.
- Þorvaldur fór yfir afmörkun hverfisverndar sem Ómar kom með tillögu um á s.l. fundi. Ómar mun breyta afmörkun miðað við tillögur Þorvaldar og koma með á korti á næsta fund. Þá munu Ómar og Þorvaldur senda sína á milli tillögur að skilmálum fyrir hvert hverfisverndarsvæði. Ómar mun senda Þorvaldi dæmi um hvernig þetta hefur verið gert, t.d. þar sem hverfisvernd kemur inn á landbúnaðarsvæði.
- Ómar skoðar GPS punkta sem Þorvaldur sendi, m.a. vegna staðsetningar Hvassahraunsgíga en Þorvaldur telur rétt að hverfisvernda líka Brugghelli sem er í grennd við katlana.
- Þorvaldur sendir Ómari kort með afmörkun skógræktarsvæða, annarsvegar norðan þéttbýlis og hinsvegar við Háabjalla.
- Umræða um deiliskipulag fyrir löndal en þar sem það mál fellur ekki undir þessa nefnd er óþarfi að gera nánar grein því máli. Það er þó ákveðið að Landslag mun gera breytingu á skipulaginu í samráði við Kjartan og Róbert.
- Nokkur umræða er um dagsetningu íbúafundar ákveðið er að hann verður fimmtudaginn 17. maí (Uppstigningardag) frá 10-14. Gert er ráð fyrir að Landslagsmenn verði með kynningu á aðalskipulaginu en í kjölfar þess verði sett upp nokkur þemaborð þar sem fólki er boðið til umræðu um ákveðinn málefni aðalskipulags. Gert er ráð fyrir einum

aðila frá aðalskipulagsteymi á hvert borð og verður punktað niður það sem þar fram kemur. Í lokin er gert ráð fyrir samantekt þess sem komið hefur fram. Aðalskipulagsteymi mun svo vinna úr niðurstöðu fundarins.

- Fyrir næsta fund mun Ómar vinna frekar að greinargerð og taka m.a. tillit til athugasemda sem fram hafa komið við greinargerð. Fyrir næsta fund verður reynt að klára þau stóru mál sem útaf standa svo hægt verði að kynna stefnumörkun aðalskiplags í öllum málum á fyrirhugðum íbúafundi.

Næsti fundur á sama stað miðvikudaginn 9. maí, kl. 16:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:40.

---

## **Fundargerð 9.**

### **Fundartími:**

Miðvikudagur 9. maí 2007, kl. 16:00.

### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### **Mættir:**

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### **Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

### **Þetta gerðist helst:**

Kynnt var dagskrá fundarins sem Ómar hafði sent á fundarmenn fyrir fund. Málafni fundarins er að fara yfir og þau mál útaf standa og taka um þau ákvarðanir.

- Farið er yfir þau meginmarkmið aðalskipulags sem Þorvaldur kom með tillögu um. Tillaga að breyttu orðalagi á tveimur stöðum. Inga kom með tillögu um almenna stefnu í nokkrum setningum sem ágætt er að byrja á og hafa upptalningu Þorvaldar í kjölfarið. Inga sendir þessa tillögu á hópinn og Ómar setur þetta saman, tekur hugsanlega eitthvað úr markmiðum hvers landnotkunarflokks og sendir nýja tillögu á hópinn.
- Fjallað er um ákvæði hverfisverndarflokka en Þorvaldur var búinn að smíða tillögu fyrir hvern flokk. Vinna þarf aðeins út þessari tillögu Þorvaldar, skýra út hvert svæði og setja ákvæði. Ómar mun vinna með þennan kafla og senda hann á hópinn sem rýnir textann.

- Róbert og Ómar fóru á fund HS og VSÓ vegna fyrirhugaðra rannsóknarborana við Trölladyngju og Eldborg. Ekki er fyrirhugað í aðalskipulagi að gera ráð fyrir öðru en tveimur svæðum fyrir rannsóknarboranir en á öðru svæðinu er þegar rannsóknarhola. Samþykkt er að merkja þessi tvö svæði inn á aðalskipulag og gera þar ráð fyrir rannsóknarborunum. HS á eftir að fara með fyrirhugaðar boranir í feril um hvort framkvæmdin sé háð mati og í umhverfismat ef þess er þörf. Ekki er talin þörf á að fá aðila HS til að kynna málið sérstaklega á íbúafundi.
- Ómar sagði frá fundi með aðalskipulagsráðgjafa Reykjanesbæjar en þar eru uppi hugmyndir um hraðlest frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar. Málið er á frumstigi hjá Reykjanesbæ og ekki farið að huga að mögulegri legu, hvað helgunarsvæði þarf að vera stórt eða hvernig lest þverar vegi. Álitlegast er að hafa slíka lest sunnan Reykjanesbrautar og nærri henni en engin fyrirhuguð landnotkun er við brautina nema óbyggð svæði. Ekki þykir ástæða til að gera ráð fyrir lest í aðalskipulagi en þó er hún heldur ekki útilokuð með annarri landnotkun á mögulegu svæði sunnan Reykjanesbrautar. Mögulegt er að hafa lest sem valkost í umhverfisskýrslu aðalskipulags.
- Ekki hafa borist afgerandi viðbrögð frá ríkinu varðandi iðnaðarsvæði við Keilisnes. Ekki þykir ástæða til að afmarka 750 ha svæði fyrir iðnað eins og gert er í gildandi aðalskipulagi (til samanburðar er lóð álvers í Straumsvík um 50 ha). Tillaga er að afmarka um 100 ha svæði norðan Vatnleysustrandarveggar fyrir iðnaðarsvæði sem þó er ekki eyrnamerkt álveri. Þá er gert ráð fyrir stórskipahöfn eins og gert er í gildandi aðalskipulagi. Ómar kemur með tillögu að afmörkun svæðis.
- Ómar setti fram tillögu um athafnasvæði norðan mismislagra gatnamóta við Stóru-Vatnsleysu. Svæðið er um 25 og beggja megin Vatnleysustrandarveggar. Gert verður ráð fyrir þessu athafnasvæði í aðalskipulagi.
- Ómar fór á fund Sæmundar í Stóru-Vatnsleysu vegna námu hans í Afstapahrauni og áætlunum hans fyrir svæðið. Hann setur fram ósk um efnistökusvæði áfram til suður frá núverandi námu, um 20 ha að stærð. Þá hefur hann uppi hugmyndir um efnistöku í Oddafelli og Rauðhólsseli ásamt því að halda áfram efnistöku í Eldborg. Aðeins náman í Aftapahrauni er inn á gildandi aðalskipulagi og almenn andstaða er við óskum að stækka það svæði. Vel má nýta það svæði betur og því er ákveðið að sama svæði og sýnt er í gildandi aðalskipulagi verið sýnt sem efnistökusvæði í tillögu að aðalskipulagi. Þá er hafnað þeim áformum að taka efni á úr Oddafelli, Rauðhólsseli og við Eldborg. Þarna er ekki efnistökusvæði skv. aðalskipulagi og ekki þykir ástæða til að taka efni á fleiri stöðum en í Afstapahrauni. Sér í lagi er lagst gegn efnistöku í Oddafelli og í Eldborg þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá og stefnt að friðlýsingu þess með hverfisvernd í aðalskipulagi.

- Ómar kynnir það beitarhólf sem Landgræðslan sendi gögn um norðan Voga, milli Reykjanesbrautar og Vatnleysustrandarvegs. Lagt er til að minnka svæðið til suðurs þar sem svæðið skarást við iðnaðarsvæði og athafnasvæði norðan Vogabrautar. Þá er ákveðið að reiðleið verði ekki í gegnum beitarhólf heldur verði sunnan girðingar og að reiðleið meðfram gamla Vatnleysustrandarveginum.
- Ómar setti inn skógræktarsvæði norðan Voga eftir loftmynd, minnka þarf þetta svæði aðeins til norðurs. Bæta þarf inn skógræktarsvæði við Háabjalla en fundur er fyrirhugaður í skógræktarfélaginu þar sem samþykkja á tillögu að afmörkun. Þorvaldur sendir þau gögn til Landslags eftir fyrirhugaðan fund.
- Tillaga er frá atvinnuálanefnd að hafa tjaldsvæði við Stapann. Ekki er talið ráðlegt að hafa tjaldsvæði utan byggðar því rekstrargrundvöllur er vænlegri þegar þetta er tengt núverandi þjónustumannvirkjum og nýta aðstöðu þar (íþróttahús, sundlaug).
- Tilboð frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum að keyra líkan fyrir aðrennslissvæði Vogavíkur er 300 þúsund. Ekki er talin þörf að láta gera þetta þar sem vitað er að framtíðarsvæði fyrir vatnsból er ekki í Vogavík. Áhugavert er að sjá svar frá Reykjanesbæ vegna athugasemda Voga við aðalskipulagsbreytingu vegna Motopark, en gerð var athugasemd vegna aðrennslissvæðis fyrir Vogavík. Grannsvæði vatnsverndar verður því eins og núverandi tillaga gerir ráð fyrir.
- Tilboð í aðalskráningu fyrir þéttbýlið í Vogum frá Fornleifastofnun Íslands er uppá 760.500 án vsk. Þykir þetta heldur há tala en til að fá samanburð skal óskað eftir tilboði frá Byggðarsafni Hafnarfjarðar. Landslag mun óska eftir þessu tilboði. Sveitarfélagið hefur óskað eftir styrk til skrá minjar á ströndinni sem eru í hættu vegna sjávarbrots. Ef þessi styrkur fæst mætti fá sama fyrirtækið til að taka að sér báðar skráningarnar. Ómar mun senda Róbert kostnað við svæðisskráningu fyrir sveitarfélagið og deiliskráningu fyrir Grænuborg, og mun Róbert hugsanlega reyna að fá tilboð frá Fornleifastofnun Íslands lækkað.
- Ákveðið er að hafa tímabil aðalskipulags 2007-2027 í stað 2006-2026.
- Ómar koma uppdráttum og meginmarkmiðum sem pdf til Róberts og munu þessi gögn fara á vef sveitarfélagsins. Mánudaginn 14. maí mun Ómar reyna að vera tilbúinn með tillögu að greinargerð en áður þarf að senda út hverfisvernd sem fer í rýni hjá meðlimum aðalskipulagsteymis. Greinargerð mun þá einnig vera sett á vef sveitarfélagsins.
- Umræða er um dagskrá íbúafundar sem veður 17. maí frá 10-14. 10. maí. Gert er ráð fyrir að hún verði eftirfarandi:

- 10:00-10:20. Róbert fundarstjóri setur fund og kynnir hvaða aðalskipulag stendur fyrir og hvernig vinnu hefur verið háttað hingað til.
- 10:20-11:00. Landslag mun kynna tillögu að aðalskipulagi og fara yfir stefnumörkun aðalskipulag og fyrir hvern landnotkunarflokk.
- 11:00-11:10. Róbert kynnir rammaskipulag miðsvæðis
- 11:10-11:40. Fyrirspurnir úr sal
- 11:40-12:20. Matarhlé.
- 12:20-13:20. Skipt niður á þemaborð og íbúum boðið til umræðu um málefni. Þemun verða þessi:
  - Þéttbýli
  - Dreifbýli
  - Samfélag
- 13:20-13:40. Kaffihlé.
- 13:40-14:00. Samantekt umræðu á þemaborðum og lokun fundar.

Fulltrúar sveitarfélagsins stjórna umræðu á hverju borði en einnig verður ritari á hverju borði. Aðalskipulagsráðgjafar verða til taks á öllum borðum. Á hverju borði verður þéttbýlis og dreifbýlisuppdráttur ásamt loftmynd af þéttbýli og dreifbýli. Þá verða uppdráttir á vegg og hugmyndakassi á góðum stað.

---

## Fundargerð 10.

### Fundartími:

Miðvikudagur 6. júní 2007, kl. 16:00.

### Fundarstaður:

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### Mættir:

Gunnar, Inga, Kjartan, Róbert, Þorvaldur, Þráinn og Ómar.

### Fundarritari:

Ómar Ívarsson.

### Þetta gerðist helst:

Málefni fundarins er að fara yfir það sem fram kom í umræðum á íbúafundi og ákveða næstu skref í aðalskipulagsvinnunni.

- Þorvaldur kynnti upplýsingar sem hann fékk hjá jarðfræðingi um aldur hrauna uppruna þeirra. Upplýsingum verður bætt inn í lýsingu á svæðum sem falla undir hverfisverndarflokk H3.

- Skv. þessum jarðfræðingi þá er meginvatnsstraumur oftast sá sami og megin sprungustefna sem þýðir að grunnvatnsstraumur frá fyrirhuguðum Motopark í Reykjanesbæ er í Vogavík.
- Landsig er skv. jarðfræðingi um 1 mm á ári. Sjávarborðshækkun er um 0,3 mm á ári sem þýðir að samtals er hækkun sjávar miðað við land um 1,3 mm. Taka verður tillit til þessa við ákvörðum um hvar skal byggja.
- Rétt þykir að stækka svæði sem fer undir hverfisvernd H4 þannig að Keilir allur og næsta nágrenni falli þar undir.
- Víxla þarf reiðleið og gönguleið sunnan Voga, að fiskeldisstöð. Í dag er reiðleiðin þar sem gönguleið er sýnd.
- Stækka þarf aðeins hverfiverndarafmörkun umhverfis tjarnir í og við Voga, þarf að ná útfyrir votlendi umverfis þær.
- Rétt þykir að stefna að lagningu hitaveitu og vatnsveitu með ströndinni á skipulagstímabilinu. Þessu verður bætt inni í meginmarkmið í kafla um veitur.
- Róbert hefur fundað með Landsneti varðandi mögulegar háspennulínur eða jarðstrengi innan sveitarfélagsins. Annar fundur er fyrirhugaður. Eftir sem áður er í tillögu að aðalskipulagi gert ráð fyrir að ekki verið nýjar háspennulínur byggðar innan sveitarfélagsins heldur fari strengir í jörð eða sjó. Myndaður hefur verið hópur með aðilum sveitarfélaga á Reykjanesi til að taka heildstætt á þessu máli.
- Ákveðið er að setja inn á aðalskipulagsuppdætti hjólreiðastíg. Mun hann að mestu liggja með Vatnleysustrandarvegi, í gegnum Voga og áfram vestur yfir Vogastapa, meðfram gönguleið.
- Lafæra þarf afmörkun golfvallar við Kálfatjörn og bæta við landbúnaðarsvæði beggja vegna. Ómar og Kjartan fara yfir málið og skoða kort og loftmynd.
- Boða þarf fund með aðilum Fornleifastofnunar Íslands til að fara yfir tilboð sem komið var í aðalskráningu og hvort nýta megi styrk sem fékkst til að skrá minjar á strönd inn í verkið. Ómar, Róbert og Þorvaldur fara á fund FÍ. Ómar boðar til fundar.
- Talið rétt að skilgreina Brunnastaðahverfi sem íbúðarbyggð en ekki landbúnaðarsvæði eins og rætt hefur verið um.
- Lafæra þarf af stærðarmörk kirkjugarðs við Kálfaðakirkju í greinargerð, er skilgreindur 0,2 en þarf að fara í 0,4 - 0,5 ha.
- Lagfæra þarf afmörkun iðnaðarsvæðis við Flekkuvík, færa svæðið nær höfn.

- Landslag mun klára aðalskipulagsgögn út frá þeim breytingum sem gera þarf eftir íbúafund. Þegar því er lokið er hlutverki aðalskipulagsteymis lokið og aðalskipulagið mun fara í kynningu í skipulags- og byggingarnefnd.
- Næstu skref er að Ómar mun útbúa matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins. Þessa áætlun þarf að senda á Skipulagsstofnun sem þarf að gefa samþykja hana. Þegar Skipulagsstofnun hefur samþykkt áætlunina mun Landslag gera umhverfismat fyrir tillöguna. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið um mánaðarmót ágúst / september.

Fleira ekki gert, fundi slitið 17:55.

---

## **Fundargerð 11.**

### **Fundartími:**

Miðvikudagur 29. ágúst 2007, kl. 16:00.

### **Fundarstaður:**

Skrifstofa Sveitarfélagsins Voga.

### **Mættir:**

Gunnar, Kjartan, Róbert, Þorvaldur og Ómar.

### **Fjarverandi:**

Inga og Þráinn

### **Fundarritari:**

Ómar Ívarsson.

### **Þetta gerðist helst:**

Ómar hafði sent út dagskrá fyrir fundinn og voru umræður um hana á þessa leið:

- Róbert, Kjartan og Ómar fóru á fund eigenda Vogajarða sem kynntu sínar hugmyndir um landnotkun á sínu landi norðan Reykjanesbrautar. Skv. tillögu þeirra er gert ráð fyrir fimm byggðarsvæðum sem alls eru 187 ha. Þá er það tillaga þeirra að vatnsból sveitarfélagsins verði fært suður fyrir Reykjanesbraut svo aflétta megi vatnsvernd norðan Reykjanesbrautar. Á byggðarsvæðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og mengunarlausri starfsemi. Þess er óskað að tekið verði tillit til þessara sjónarmiða í endurskoðun aðalskipulags.

Umræður eru um tillöguna og nokkuð vel tekið í þessar hugmyndir. Það er þó niðurstaðan að gera ekki ráð fyrir byggingarsvæðum á umræddum svæðum þar sem það er mat aðalskipulagsteymisins að umrædd svæði muni ekki byggjast á skipulagstímabilinu fram til 2027. Ákveðið er að sýna umrædd svæði á þemakorti í greinargerð sem möguleg uppbyggingarsvæði eftir skipulagstímabil og að um sé að ræða ósk landeiganda.

Varðandi vatnsból og grannsvæði þess norðan Reykjanesbrautar þá er gert ráð fyrir að vatnsbólið flytjist suður fyrir Reykjanesbraut en hingað til hefur ekki verið gert ráð fyrir því innan tímabils aðalskipulags. Þar sem ljóst er að vatnsból norðan Reykjanesbrautar er ekki heppilegt og eins er ekki heppilegt að Reykjanesbraut þveri grannsvæði þess er áveðið að sýna líka vatnsból og grannsvæði þess sunnan mismisla gra gatnamóta við Vogaafluggjara. Í greinargerð verður sett fram sú stefna að vatnsból sveitarfélagsins flytjist þangað á seinni hluta skipulagstímabils og með því verður aflétt vatnsvernd grannsvæðis norðan Reykjanesbrautar.

- Kynnt er tillaga að íbúðarbyggð á Þórustöðum en þar er landeigandi með tillögu að sérbylabyggð á 1. hæð vestan golfvallar. Stefna aðalskipulagsteymis hefur verið að gera ekki ráð fyrir íbúðarbyggð utan þéttbýlis í Vogum og hefur sú afstaða ekki breyst. Ekki verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddu svæði í tillögu að aðalskipulagi en ákveðið er að sýna umrætt svæði á þemakorti í greinargerð sem möguleg uppbyggingarsvæði eftir skipulagstímabil og að um sé að ræða ósk landeiganda.
- Farið er aftur yfir tillögu Eyktar um byggð í Hvassahrauni og er sú tillaga afgreidd með sama hætti og aðrar tillögur um byggð utan þéttbýlis í Vogum. Stefna aðalskipulagsteymis hefur verið að gera ekki ráð fyrir íbúðarbyggð utan þéttbýlis í Vogum og hefur sú afstaða ekki breyst. Ekki verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddu svæði í tillögu að aðalskipulagi en ákveðið er að sýna umrætt svæði á þemakorti í greinargerð sem möguleg uppbyggingarsvæði eftir skipulagstímabil og að um sé að ræða ósk landeiganda.
- Farið er yfir afmörkun iðnaðarsvæðis, hafnarsvæðis og fjarsvæði vatnsverndar á Keilisnesi / Flekkuvík. Ákveðið er að breyta afmörkun fjarsvæðis til samræmis við líkan sem til er af svæðinu og sýnir grunnvatnsstrauma. Samkvæmt líkaninu streymir grunnvatn þarna til norðausturs og var ákveðið að aflétta vatnsvernd á Flekkuvík en halda henni áfram á Vatnsleysu og heiðinni þar suðvestur af, enda mikilvæg vatnsból á báðum Vatnsleysujörðunum. Ákveðið er að láta iðnaðarsvæði og hafnarsvæði ná saman því óeðlilegt er að hafa óbyggt svæði á milli þeirra þar sem fyrirhugaðri iðnaðarstarfsemi mun að öllum líkindum vera nátengd fyrirhugaðri hafnarstarfsemi. Þá þykir rétt að sýna ekki hverfisvernd með strönd milli fyrirhugaðrar hafnar og Vatnsleysueyri.

Umræða er um hverfisvernd á svæði H4; *Keilir, Höskuldarvellir, ásamt Eldborgarhrauni, hluta Afstapahrauns með Sóleyjarkrika og Tónum*. Andstaða hefur komið upp hjá landeiganda um hverfisvernd á þessu svæði og eftir að hafa farið yfir málið er ákveðið að breyta afmörkun á hverfisvernd H4 og skilmálum hennar. Eftir breytingu er sett hverfisvernd á svæði sem er á náttúruminjaskrá; *Keilir og Höskuldarvellir*. Afmörkun hverfisverndar er þó leiðrétt frá því sem afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá er og er Keilir og nágrenni bætt við afmörkun. Skilmálar hverfisverndar breytast einnig og verða þeir sömu og fyrir hverfisvernd H3, þ.e. stefnt er að friðlýsingu svæða undir hverfisvernd H4 skv. náttúruverndarlögum.

- Ómar skýrir út af hverju skipulagi er frestað á 240 km<sup>2</sup> svæði syðst í sveitarfélaginu, þar sem mörk milli sveitarfélagsins og Grindavíkur eru óljós. Þau sveitarfélagsmörk sem Sveitarfélagið Voga telur vera rétt eru dregin eftir upplýsingum á landabréfum eiganda jarða á Vatnleysuströnd. Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020 sýnir landnotkun á umræddu 240 km<sup>2</sup> svæði sem Sveitarfélagið Voga telur vera innan sinna marka. Í aðalskipulagi Grindavíkur eru mörk sögð vera óviss á umræddu svæði. Þar sem umrætt svæði er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Grindavíkur er um skörun á sveitarfélagsmörkum að ræða milli sveitarfélagana. Vegna þess er ekki mögulegt annað en að fresta skipulagi á umræddu svæði, þar til leyst hefur verið úr deilum um mörk sveitarfélagana. Á sveitarfélagsuppdrætti koma fram sveitarfélagsmörk eins og þau eru í aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, til skýringar.
- Ómar kynnir matslýsingu vegna umhverfismats aðalskipulagstillögunar. Lýsingin hefur verið send Skipulagsstofnun og beðið er eftir umsögn stofnunarinnar um hana. Vinna við umhverfismat aðalskipulags er að hefjast og stefnt er að henni ljúki í september.
- Farið er yfir punkta sem Þorvaldur sendi á hópinn 29. júní. Athuga þarf hvort rétt sé í aðalskipulagi að fjalla um sprengjumengað svæði við Snorrastaðatjarnir og miltisbrandsgirðingu milli Sjónarhóls og Minna-Knarranes. Líklega er ekki um að ræða mál sem tekið er á í aðalskipulagi er þó er rétt að fjalla um þetta að einhverju leiti og mun Landslag kom með tillögu þar um. Umfjöllun um losun gróðurhúsalofttegunda verður tekin í umhverfismati aðalskipulags.
- Tilboð er komið frá Forleifastofnun Íslands um aðalskráningu fornminja fyrir allt sveitarfélagið og gerir það ráð fyrir að verkið verði unnið í 7 áföngum, líklega á 7 árum. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi verði unnin í sumar eða haust og felst hann í skráningu í núverandi þéttbýli ásamt fyrirhuguðum byggingarsvæðum umhverfis núverandi þéttbýli. Þá er gert ráð fyrir að í fyrsta áfanga verði einnig skráning minja sem eru í hættu á Vatnleysuströnd. Beðið er eftir skilgreiningu á 1. áfanga frá Forleifastofnun Íslands.

- Með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið á þessum fundi er aðalskipulagstillaga aðalskipulagsteymis afgreidd til skipulags- og byggingarnefndar. Gert er ráð fyrir að gögn verði tilbúin frá Landslagi 7. september og send til aðila skipulags- og byggingarnefndar. Gert er ráð fyrir að tillagan verði tekin fyrir á fundi nefndarinnar 17. september og í kjölfarið verði vinnslutillaga aðalskipulags send til umsagnar þeirra aðila sem lög gera ráð fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið 18:00.